

Reglur fræðslusjóðs HSP.

1. grein

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður HSP og er stofnaður á framhaldsstofnþingi HSP, 2. apríl 2005, með stofnframlagi kr. 150.000.- sem kemur úr aðalsjóði HSP. Verði afgangur á rekstrarári af framlagi HSP rennur hann aftur til aðalsjóðs.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótta- og félagslífi í héraði til framdráttar.

3. grein

Aðalstjórn HSP sér um úthlutanir úr sjóðnum.

4. grein

Vörslu sjóðsins og reiknishald annast gjaldkeri/starfsmaður HSP.

5. grein

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Árþing HSP ákveði framlag til sjóðsins ár hvert að lágmarki kr. 120.000.-
- b. Frjáls framlög og söfnunarfé.
- c. Vaxtatekjur.

6. grein

Öll aðildarfélög innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

- a. Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.
- b. Úthlutun úr sjóðnum fer fram 3 sinnum á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. apríl, 15. ágúst og 15. desember til skrifstofu HSP, undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélagi.
- c. Styrkupp hæð getur numið allt að hálfu námskeiðsgjaldi hverju sinni.
- d. Aðrar úthlutanir fara eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.